

RECARO



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION



Barnabílstólar í úrvali

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

BÍLASMIÐURINN HF

SUÐURNESJABLAÐIÐ

— 15. FEBRÚAR 2018 —

3. tölublað, 2. árgangur



Kvennakór Suðurnesja fagnar 50 ára afmæli sínu

Föstudaginn 9. febrúar s.l. voru opnaðar sýningar í DUUS húsum. Kvennakór Suðurnesja fagnar í ár 50 ára afmæli og í tilefni þess er sýning um sögu kórsins í DUUS húsum. Kvennakór Suðurnesja er elsti starfandi kvennakór landsins.

Afkastamikill
þingmaður



Einstök
upplifun



90 ára
afmæli



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfssdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

FALLEGIR LEGSTEINAR

Afsláttur
Í FEBRÚAR
af öllum legsteinum

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

VILTU SELJA EÐA KAUPA?

FAGMENNSKA • RÁÐGJÖF • ÞJÓNUSTA



Páll Þorbjörnsson
Framkvæmdarstjóri
löggiltur fasteignasali.
GSM 698-6655
pall@alltfasteignir.is



Unnur Svava Sverrisdóttir
Í löggildingarnámi fasteignasala
GSM 868-2555
unnur@alltfasteignir.is



Elínborg Jensdóttir
Lögræðingur í löggildingarnámi
GSM 823-1334
elinborg@alltfasteignir.is



Gunnar Ólafsson
Löggiltur fasteignasali
gunnar@alltfasteignir.is



Gunnar Vilhelmsson
Í löggildingarnámi fasteignasala
GSM 776-3848
gunnivil@alltfasteignir.is

SÖLUMAÐUR SÝNIR ALLAR EIGNIR

ALLFASTEIGNIR

Hafnargötu 91 | Reykjanessbæ

www.alltfasteignir.is

📞 **560 5515**

[f /alltfasteignir](https://www.facebook.com/alltfasteignir)

LEIÐARI

Verða skólarnir óstarf-
hæfir eftir 10 til 20 ár

Árið 2009 tóku stjórnvöld ákvörðun um að lengja kennaranám úr 3 árum eftir stúdentspróf í 5 ár. Eftir þessa ráðstöfun hefur aðsókn að kennaranámi gjörsamlega hrunið. Að óbreyttu mun skapast algjört ófremdarastand eftir 10 til 20 ár, en þá verður ástandið þannig að flestir skólar verða óstarfhæfir.

Stjórnvöld voru á sínum tíma vörð við. Það gat aldrei gengið upp að lengja námið um tvö ár og hugsa dæmið ekkert frekar. Það eru ekki margir sem treysta sér í að lengja nám sitt um tvö ár án þess að með fylgi veruleg hækkun launa í starfi frá því sem nú er. Ungt fólk leitar frekar á önnur mið en að stunda kennslustarf, hvort sem er í leikskóla eða grunnskóla.



Nú fyrst virðast menn vera að átta sig á þessu. Auðvitað þarf að huga strax að þeim ábendingum sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur bent á. Námsmenn við Kennaraháskólann þurfa að fá síðasta árið sitt a.m.k. til að starfa í skólanum á launum. Það gefur þeim möguleika á þessu námi, hafi þeir laun og það skapar góða reynslu. Einnig þarf að endurverkja þá hugmynd að hluta námslána verði breytt í styrk standi fólk sig í náminu.

Kennarastarf hefur alltaf verið erfitt starf. Það þekkja þeir sem hafa sinnt því starfi. Nú er það örugglega mun erfiðara en nokkurn tíma. Kennarar þurfa að fylgjast með og tileinka sér allar þær tæknibreytingar sem hafa orðið og gjörbreyttar vinnuaðferðir á tölvuöld. Samskipti við foreldra er mun meiri en áður var. Alls konar skýrslugerð hefur aldrei verið eins mikil og nú.

Allar þessar auknu kröfur hafa ekki leitt til launahækkana í hlutfalli við álagið. Það þarf því engin að vera undrandi á óánægju kennara og að aðsókn að náminu hafi hrunið.

Ég tek undir með nýjum forystumanni Kennarasamtakanna að það þarf að skoða að kennarar hafi meiri sveigjanleika á vinnutíma sínum. Að það sé viðurkennt að undirbúningur og vinna í starfinu megi í auknum mæli fara fram utan skóla. Það er fáránlegt að binda viðveru kennara í skólanum við alls konar vinnu sem kemur ekki að beinum notum við undirbúning kennslunnar sjálfrar.

Yfirmenn í skólanum eiga að hafa það hlutverk að fylgjast með að kennarar sinni sínu kennslustarfi vel og það gera kennarar fái þeir tækifæri til þess.

Starf kennara hvort sem það er í leikskóla eða grunnskóla er eitt af mikilvægustu störfum sem til eru. Þar eiga börnin okkar tilkall til að fá bestu hugsanlega fræðslu og uppbyggingu fyrir framtíðina sem völ er á.

Það ástand sem hefur verið viðvarandi á mörgum leikskólum gengur ekki. Það þarf að senda börn heim eða ekki er hægt að fá pláss vegna manneklu. Hlutfall menntaðra starfsmanna er mjög lágt. Það ættu allir að sjá að þetta getur ekki gengið svona áfram. Við verðum að meta menntunina til launa ef við viljum fá gott starfsfólk.

Eins og fram hefur komið munu grunnskólarnir ekki verða starfshæfir ef ekkert verður að gert innan fárra ára. Núverandi menntamálaráðherra hefur sagt að þetta verði hennar stærsta úrlausnarverkefni á kjörtímabilinu. Þetta á einnig að verða stærsta verkefni sveitarstjórnarmanna því þessi mál er á könnu þeirra. Þeir þurfa í samráði við ríkisvaldið að breyta upp ermar og sjá til þess að börnin fá þá fræðslu sem þau eiga skilið.

Kjösendur verða nú í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga að krefja framboðendur um svör við því hvernig þeir ætli að tryggja að í sveitarfélaginu verði góðir leikskólar og grunnskólar.

Sigurður Jónsson

Fasteignagjöld í
Reykjanesbæ lækka

Þæjarráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að lækka álagningu á fasteignaskatti á íbúðarhúsnæði (A-húsnæði) úr 0,48% í 0,46% og að lækka álagningu á holræisgjaldi úr 0,17% í 0,15% fyrir A-húsnæði og úr 0,36% í 0,35% fyrir C-húsnæði. Samtals lækkar því álagningin um kr. 66.000.000,-.

Næsta blað

Suðurnesjablaðið kemur næst út fimmtudaginn 1.mars 2018.



3. tölublað, 2. árgangur


Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason.

Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang: amundi@fotspor.is.

Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. Ritsgjafi: Sigurður Jónsson, netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779 Umbrot: Vefpressan. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Upplag: 10.000 eintök. Dreifing: Íslandsþóstur. Vefútgáfa PDF: www.fotspor.is

Suðurnesjablaðinu er dreift í 10.000 eintökum ókeypis í allar íbúðir á Reykjanesi.

ÓLI BALDUR OG
RAKEL EVA OPNA
NÝJA ÞJÁLFUNARSTÖÐ

Anatomy Training & Treatment er ný þjálfunarstöð, staðsett á Ægisgötu 3 - 2. hæð, í Grindavík. Stöðin er í eigu Óla Baldurs Bjarnasonar einkaþjálfara/styrktarþjálfara/heilsunuddara og Rakelar Evu Eiríksdóttur BSc í viðskiptafræði. Til að byrja með ætla þau að bjóða margskonar þjálfunarmöguleika sem dæmi einkaþjálfun og mismunandi tegundir af minni hóptímum, og má þar nefna Cross-

fit, en skráning er þegar hafin og verður fyrsti tíminn 8. febrúar.

Yfirþjálfarar Crossfit Grindavíkur verða Óli Baldur Bjarnason og Lárus Guðmundsson (crossfit level one þjálfari) en þeim til aðstoðar verður Jóhanna Júlía Júlíusdóttir (crossfit level one þjálfari) en hún er Íslandsmeistari kvenna í crossfit og hefur einnig náð góðum árangri á Evrópu- og heimsmeistaramótum í crossfit. (Heimasíða Grindavíkur)

Sameining Sjálfstæðisfélag-
anna í Garði og Sandgerði

Aðalfundi Sjálfstæðisfélagsins í Sandgerði þann 31. jan og aðalfundi Sjálfstæðisfélagsins í Garði þann 1. febrúar voru samþykktar tillögur um að stofna eitt sameiginlegt Sjálfstæðisfélag fyrir nýtt sameinað sveitarfélag.

Stofnfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 15. febrúar í Golfskálanum í Sandgerði kl. 20.

Eins var ákveðið að auglýsa eftir framboðendum fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar og er umsóknarfrestur til og með 2.mars 2018.

Áhugasamir geta haft samband við:



Hermann Jónsson, s. 782-7333, hjnetfang@gmail.com eða
Einar Tryggvason, s. 899-8144, einar.t@simnet.is

Fréttatilkynning frá
Sjálfstæðisflokknum
í Reykjanesbæ

Uppstillingarnefnd fulltrúa-ráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjanesbæ hefur verið falið að gera tillögu að framboðslista fyrir kosningarnar í vor. Af því tilefni auglýsir nefndin nú eftir framboðum á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ fyrir sveitarstjórnarkosningar í maí 2018.

Þeir sem hafa hug á því að taka sæti á framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar 2018 skulu senda uppstillingarnefnd skriflega kynningu þar sem þeir kynna sig og sinn bakgrunn auk þess að tilgreina hvaða sæti á lista sóst er eftir.

Framboðendur skulu eiga kosningarétt í kosningum til sveitarstjórnar vorið 2018, vera íslenskir

ríkisborgarar og fullra 18 ára þegar kosningar fara fram, eiga lögheimili í sveitarfélaginu og vera meðlimir í Sjálfstæðisfélaginu í Reykjanesbæ.

Framboðum skal skilað netfangið: xd2018rnb@gmail.com í síðasta lagi fimmtudaginn 15. febrúar n.k.

Aðalfundur
FEBS


Félag eldri borgara á Suðurnesjum heldur aðalfund sinn föstudaginn 9.mars 2018 kl 16:00 á Nesvöllum. Nánar auglýst þegar nær dregur.

Ungmennalýð-
ræði í Vogum

Á nýju ári stendur til að setja aftur í gang vinnu við ungmennalýðræði. Ætlunin er að halda ungmennalýðræði þar sem ungmenni á aldrinum 13-20 ára hittast og ræða sín hugðarefni og hagsmunamál.

Einnig stendur til að halda sameiginlegt ungmennalýðræði á Suðurnesjum og yrði það gert á vettvangi Samsuð.

Mikilvægt er að ungmenni geti eins og aðrir íbúar sveitarfélagsins komið sínum skoðunum á framfæri. Einnig skiptir miklu máli að bæjaryfirvöld hlusti á þau sjónarmið og taki tillit til þeirra í sínum störfum.

Skólastjóri
Stóru-Vogaskóla

Bæjarstjórn Voga samþykkir að skipa Hálfdán Þorsteinsson aðstoðarskólastjóra, í stöðu skólastjóra Stóru-Vogaskóla til eins árs, frá 1. mars 2018 að telja.

Dögun býður
ekki fram

Fréttatilkynning vegna framboðs Dögunnar til sveitarstjórnarkosninga 2018.

Ákvörðun var tekin á fundi framkvæmdarstjórnar Dögunnar um að Dögun stjórnmalasamtök taki ekki þátt í sveitarstjórnarkosningunum 2018.

Þetta var ekki einföld ákvörðun en að mati stjórnar er ekki annað í stöðunni. Dögun mun hinsvegar halda áfram að vinna að þeim mállefnum sem að samtökin hafa beitt sér fyrir og koma þeim á framfæri eins og kostur er.

F.h.framkvæmdarstjórnar
Pálmey Gísladóttir



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Yaris Hybrid

--- Þú flýgur gegnum daginn
--- 50% rafdrifinn

REKENDISSTOF 02/2021



Yaris: 2.310.000 kr.

Yaris Hybrid: 2.750.000 kr.

HYBRID

Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri. Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn.

Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



AFKASTAMIKILL ÞINGMAÐUR

Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins verið afkastamikill á yfirstandandi þingi og lagt fram sjö mál, tveir þingsályktunartillögur og fimm lagafrumvörp. Tvö lagafrumvörp eru þegar komin til meðferðar hjá Velferðarnefnd Alþingis en hin bíða þess að komast á dagskrá þingsins. Suðurnesjablaðinu lék forvitni á að vita um hvað mál Silju Daggar fjalla.

Fæðingarþjónusta og jafnræði
Lagafrumvörpin sem eru komin til velferðarnefndar hafa fengið ágæta umræðu í fjölmiðlum. Hið fyrra snýr að breytingum á fæðingarorlofslögum, þ.e. að þeir foreldrar sem búa langt frá fæðingastað fá viðbót við sitt fæðingarorlof í samræmi við þann tíma sem fólk þarf að vera fjarri heimili sínu og bíða fæðingar. Íbúar á Suðurnesjum lenda almennt ekki í þessari stöðu en það gera íbúar t.d. í Vestamannaeyjum og í Höfn. „Fljótlega eftir að ég byrjaði á þingi áttaði ég mig á þeirri mismunun sem íbúar fjarri fæðingarstöðum búa við. Ég fékk því gott fólk í lið með mér, heilbrigðisstarfsfólk í Höfn og í Vestamannaeyjum, til að aðstoða mig við gerð frumvarpsins. Málið grundvallast á búsetujafnræði sem og rétti barna til að hafa jafnlangan tíma með foreldrum sínum í fæðingarorlofi,“ segir Silja Dögg um tilurð málsins.

Ætlað samþykki við líffæragjöf

Hitt frumvarpið fjallar um breytingar á lögum um líffæragjöf. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að heiladauðir einstaklingar vilji ekki gefa líffæri sín (ætluð neitun), en með frumvarpinu er gert ráð fyrir „ætluðu samþykki“, þ.e. að gengið sé út frá því að mögulegir líffæragjafar, vilji gefa líffæri sín. Sá varnagler er þó sleginn að nánustu aðstandendur geti neita líffæragjöf, en rannsóknir sýna að aðstandendur ganga ekki gegn vilja hins látna, sé vilji hans þekktur. Markmið laga-breytingarinnar er að fjölga líffæragjöfum á Íslandi, en þörf er á því í ljósi

þess að þjóðin er að eldast og vaxandi þörf fyrir líffæri í framtíðinni. „Þetta frumvarp á sér langa sögu en ég flyt það nú í fimmta sinn. Siv Friðleifs-dóttir þingmaður flutti það tvisvar þar á undan. Ég vona því að málið sé orðið nægilega þroskað og fáist samþykkt á yfirstandandi þingi. Mér finnst eðlilegra að lög geri ráð fyrir að við viljum koma náunga í neyð til hjálpar, heldur en ekki,“ segir Silja Dögg.

Bætur fyrir börn sem misst hafa foreldri

Síðustu daga hafa tvö frumvörp til viðbótar vakið mikla athygli í fjölmiðlum, þ.e. frumvarp um breytingar á lögum um barnalífeyri og bann við umskurði drengja.

„Frumvarpið um barnalífeyrinn á sér langa sögu en ég dreif mig ekki af stað fyrr en nú í haust við að skrifa það. Barnalífeyri fá þeir sem misst hafa maka sinn og hafa fyrir börnum að sjá en hann er jafnhár og meðlag, rúmlega 31 þús. kr. á mánuði með hverju barni. Í lögum um meðlag er einnig gert ráð fyrir að fólk geti farið fram á aukagreiðslur vegna kostnaðarsamra viðburða og aðgerða, svo sem ferminga og tannréttinga. En þeir sem fá barnalífeyri eiga ekki rétt á sömu greiðslum. Þannig að í frumvarpinu er í raun verið að samræma lög um meðlag og lög um barnalífeyri að þessu leyti. Auðvitað á ekki að mismuna börnum eftir því hvort foreldrar þeirra séu látnir eða á lífi,“ segir Silja Dögg alvarleg á svip.

Rabbínar mótmæla banni við umskurði drengja

Mikið fjadrafok á alþjóðavísu hefur orðið vegna framlagðs frumvarps Silju Daggar um banni á umskurði drengja. Í lögum frá 2005 er umskurður á stúlkum og konum bannaður. „Mér var bent á að á Íslandi væru ekki til nein lög um umskurð á drengjum. Ég hafði aldrei velt því fyrir mér en þegar ég fór að skoða málið þá áttaði ég mig á að um barnaverndarmál væri að ræða. Sumir vilja tengja umskurð við ákveðin trúarbrögð en í raun fyr-

irfinnast hefðir um umskurð víða, einnig í kristnum ríkjum. Aðgerðin er óafturkræf og gerð á mjög ungum börnum, án deyfingar, og veldur sýkingarhættu. Umskurður getur einnig valdið körlum sársauka og vandkvæðum alla ævi. Mér þótt tilefni til að leggja fram frumvarp og taka þetta mál til umræðu hér á landi en fyrir danska þinginu liggur fyrir sambærilegt mál,“ segir Silja Dögg en þess má geta að Umboðsmenn barna á öllum Norðurlöndum sendu frá sér yfirlýsingu árið 2013 þar sem Norðurlöndin voru hvött til að banna umskurð á drengjum en aðgerðin stangast á við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. „Vaxandi andstaða er við umskurð á meðal lækna á alþjóðavísu, Barnaheill hafa beitt sér í málinu og ég hef einnig fengið fjölda bréfa frá ísraelskum gyðingum, eftir að málið komst í heimfréttirnar, þar sem þeir segjast styðja frumvarpið og að aukin andstaða sé við umskurð á drengjum í þeirra samfélagi,“ segir Silja Dögg og bætir því við að hún hafi nú ekki búist við að samtök rabbína í Evrópu myndu beita sér í málinu. „Þeir hafa reyndar ekki haft beint samband við mig ennþá,“ segir Silja Dögg og brosir.

Ætla þú að leggja fram fleiri á mál á þessu þingi?

„Já, í lok febrúar mun ég leggja fram stórt frumvarp sem mun vekja mikla athygli og umræðu,“ segir Silja Dögg að lokum.

Auk ofantaldra mála hefur Silja Dögg lagt fram eftirfarandi mál á 148. löggjafarþingi:

Þingsályktunartillögu um rétt barna, sem getin eru með gjafakynfrumum, til að vita um uppruna sinn og að verklag um fjarfundi á vegum ráðuneyta verði samræmt. Að auki hefur hún endurflutt frumvarp um atvinnuleysistryggingar sem fjallar um að fangar geti áunnið sér rétt til atvinnuleysisbóta, sinni þeir námi eða vinnu á meðan á afpláunun stendur.

Atvinna

GE bílar bílasala í Reykjanesbæ óskar eftir bílasala í 100% vinnu.

Um er að ræða sölu á notuðum og nýjum bílum, einnig þau verkefni sem falla til.

Ekki væri verra ef manneskjan talaði íslensku, ensku og pólsku. Tölvukunnátta er kostur.

GE bílar eru umboðsaðilar BL og Bílalands í Reykjanesbæ.

Uppl. í síma 7767600 Guðmundur.



Samgönguráðherra heimsótti Keflavíkurflugvöll

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, heimsótti í vikunni Keflavíkurflugvöll og átti þar fund með forstjóra og framkvæmdastjórum Isavia.

Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, tók á móti ráðherra og var honum kynnt starfsemi Isavia. Aðrir fulltrúar Isavia á kynningunni voru Guðmundur Daði Rúnarsson, framkvæmdastjóri tækni- og eignasviðs Keflavíkurflugvallar, Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar, og Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri flugvallasviðs. Með ráðherra voru Ingvaldur Sæmundsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, og Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Í kynningu á fundinum var farið yfir starfsemi Isavia, m.a. rekstur innanlandsflugvalla, flugleiðsöguþjónusta og rekstur Keflavíkurflugvallar. Þá var farið yfir þá uppbyggingu sem stæði fyrir dyrum á næstu árum og áratugum vegna aukinna umsvifa í flugi til og frá landinu og auknum fjölda ferðamanna sem koma til Íslands og fara um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.



Í kynningu á fundinum með ráðherra var farið yfir þá framtíðarsýn Isavia að Keflavíkurflugvöllur verði miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi. Þá var fjallað um rekstur innanlandsflugvalla og lendingarstaða á Íslandi og stöðu þeirra í núverandi mynd. Einnig var farið yfir flugstjórnarsvæðið sem Isavia rekur sem er um 5,4 milljón-

ir ferkílómetra og eitt það stærsta í heimi.

Ráðherra fór einnig um flugstöðina þar sem hann kynnti sér ýmsa þjónustuliði í byggingunni. Honum var þá gerð nánari grein fyrir þeirri stækkun sem þegar hefði verið gerð á Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvar áætlað væri að hefja næst framkvæmdir.

Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE
OSRAM



**STYRKUR
& ÁREIDANLEIKI**



**SÖLUHÆSTU
SMÁGRÖFUR Á ÍSLANDI**

**2015
2016
2017**



Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík
534 6050 | merkur@merkur.is | www.merkur.is





Fréttatilkynning: Vektu athygli – endurskin á alla unglinga landsins!

Samgöngustofa og ADHD samtökin hafa tekið höndum saman og gefið öllum nemendum í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla landsins skemmtileg endurskinsmerki. Markmiðið með verkefninu er að vekja athygli á mikilvægi þess að nota endurskinsmerki. Notkun þeirra getur skipt sköpum þar sem öku-menn sjá gangandi vegfarendur fimm sinnum fyrr séu þeir með slík merki. Samhliða er vakin athygli á mikilvægi þess að skilja einkenni ADHD, horfa á það jákvæða í einstaklingnum, styrkja og eyða fordómum.

Endurskinsmerkin voru valin af rýnihópi unglinga og hönnuð sérstaklega með þann aldursþóp í huga. Týpurnar eru 10 talsins og ættu því allir að geta fundið merki við sitt hæfi. Samgöngustofa fær iðulega fregnir af gangandi ungum vegfarendum sem sjást illa í umferðinni og því var ákveðið að ná til þessa hóps sem er mikið á ferðinni, og klæðist gjarnan dökkum fatnaði og oft án endurskinsmerkja í myrkrinu. Merkin hafa fengið frábærar viðtökur í um 150 skólum og félagsmiðstöðvum landsins og gagnast unga fólkinu vel í skammdeginu.

Endurskinsmerki eru mikilvægur öryggisbúnaður, eins og sést vel í þessu myndbandi sem Samgöngustofa lét gera fyrir nokkru. Þar eru borin saman tvö myndskreið þar sem annarsvegar er tekin mynd af því hvar ekið er að vegfarendum sem eru með endurskinsmerki (hægra megin) og hinsvegar ekið að vegfarendum sem eru ekki með neitt endurskin (vinstra megin).

Aflafréttir:

Stanslausar brætur

Sjaldan hefur febrúar byrjað jafn illa og þessi febrúar mánuður. Svo til stanslausar brætur hafa verið síðan 1. febrúar og hafa bátar lítið sem ekkert komist á sjóinn allan febrúar. Reyndar þegar þessi pistill kemur í hendur ykkur lesendur góðir þá hefur skapast sjóveður og því ætti einhverjir bátar að hafa komist á sjóinn.



Eflitið er yfir flotann og skoðað þá er þetta þannig

Bátar að 13 BT þá hefur ekki einn einasti bátur í þessum flokki landað afla á Suðurnesjunum. Og það sama gildir um báta í flokki báta að 8 BT sem er minnsti flokkurinn á landinu.

Bátar að 15 BT komust aðeins á sjóinn í byrjun febrúar enn síðan ekki söguna meir. Steinun HF var með 6,5 tonn í Sandgerði. Dúddi Gísla GK 6,4 tonn í Grindavík. Von GK 2,8 tonn í Sandgerði. Og Sunna Líf KE sem er á netum 1,4 tonn í Keflavík.

Stóru línubátarnir hafa verið úti þessum bræluskit sem búinn er að vera og hafa þeir fiskað svo sem allt í lagi.

Valdimar GK með 135 tonn í 2 landað í Grindavík. Fjölnir GK 130 tonn í einni löndun og er þetta stærsti túrinn hjá þeim á Fjölni GK. Jóhanna Gísladóttir GK 91 tonn í 1. Páll Jónsson GK 90 tonn í 1. Kristín GK 85 tonn í 1. Sturla GK 82 tonn í 1. Hrafn GK 65 tonn í 2. allir að landa í Grindavík. Tómas Þorvaldson GK 53 tonn í 1 landað í Hafnarfirði.

AF minni bátunum þá er Auður Vesteins SU með 37 tonn í 5 á Stöðvarfirði. Guðbjörg GK 23 tonn í 5. fyrst í Sandgerði enn síðan í Hafnarfirði. Daðey GK 7,9 tonn í 1. Gísli Súrsson GK 6,9 tonn í 1. Rán GK 6,2 tonn í 1

og Dóri GK 3,4 tonn í 1 allir í Grindavík. Hafðis SU 6,9 tonn í 1 og Hulda HF 3,1 tonn í 1 í Sandgerði.

Sama má segja um dragnótabátanna. Lítið að gerast þar. Benni Sæm GK 3,4 tonn. Aðalbjörg RE 3 tonn báðir í einni löndun í Sandgerði.

Netabátarnir hafa fiskað ágætlega. Hafa þeir reynt að vera í Faxaflóanum og var t.d Grímsnes GK með netin rétt útaf Vatnsleysuströnd og undir Stapanum til þess að vera í skjóli. Erling KE er með 16,4 tonn í 3. Maron GK 4,3 tonn í 1. Grímsnes GK 3,9 tonn í 1. Halldór Afí GK 1,8 tonn í 1 og Hraunsvík GK 1,2 tonn í 1.

Reyndar hefur fjölgað um einn netabát í Njarðvík enn Þorsteinn ÞH er kominn þangað og mun veiða kvótann sinn þar og leggja upp hjá Hólmgími.

Togskipin hafa ekki fiskað mikið. Berglín GK 67 tonn í 1 og Sóley Sigurjóns GK 57 tonn í 1 báðir í Keflavík. Vörður EA 57 tonn í 1. Áskell EA 44 tonn í 1 báðir í Keflavík.

Eins og sést á þessu þá er ansi dapurst í fiskveiðum á Suðurnesjunum enn þegar að þessum langvarandi brælum lýkur þá loksins mun flotinn komast á veiðar aftur og líf færast í Sandgerðis og Grindavíkurhöfn.

Gísli R.



GARÐUR Gerðaskóli í Garði Staða skólastjóra

Staða skólastjóra við grunnskólann Gerðaskóla í Sveitarfélaginu Garði er laus til umsóknar.

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til starfa í góðum skóla, með góðan skólabrag og gera enn betri með metnaði, virðingu og leikgleði í fyrirrúmi.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2018.

Helstu verkefni:

- Skólastjóri ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi skólans, samkvæmt lögum og stefnu sveitarfélagsins hverju sinni. Vinna að gerð fjárhagsáætlana og ábyrgð á eftirfylgni þeirra.
- Að vera faglegur leiðtogi og fyrirmynd með umhyggju fyrir nemendum og starfsfólki.
- Að vinna að eflingu mannauðs og annast ráðningar starfs fólks skólans.
- Stuðla að framþróun skólastarfsins með reynslu og þekkingu á að leiða skólasamfélagið út frá skólastefnu sveitarfélagsins og vinna að samstarfsverkefnum/samningum sem skólinn hefur gert.

Menntun, geta og færni:

- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla samkvæmt lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Framhaldsmenntun í stjórnun menntastofnana eða sambærileg viðbótarmenntun.
- Menntun og reynsla af stjórnun og rekstri er kostur.
- Áhugi og færni í samskiptum.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf og að ná árangri í kennslu og námi.
- Leiðtogafærni í teymisvinnu og geta til ákvarðanatöku.

Í Sveitarfélaginu Garði eru um 1.600 íbúar. Sveitarfélagið er á nyrsta odda Reykjaness. Í Garði er blómlegt tómstunda-, íþrótt- og menningarlíf. Lögð er áhersla á að allir aldursþópar íbúanna fái notið sín í fjölbreyttu félagslífi. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar í vel búinni íþróttamiðstöð. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á vefsíðunni svgardur.is.

Um 220 nemendur stunda nám við Gerðaskóla og býr skólinn við mjög góðan aðbúnað og aðstöðu. Einkunnarorð skólasamfélagsins í Garði eru: Árangur, virðing, gleði, leikur, sköpun og ábyrgð.

Umsókn skal fylgja ferilskrá um menntun, störf og stjórnunarreynslu. Einnig er óskað eftir hugmyndum umsækjanda um starfsemi og þróun skólastarfs undir hans stjórn. Umsóknir skulu sendar bærastjóra á Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4, 250 Garður, eða á tölvupóstfangið magnusstefansson@svgardur.is

Nánari upplýsingar veitir Jónína Magnúsdóttir formaður Skólanefndar (jm@mss.is)

Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar 2018

FORVARNARMÁL Í VOGUM

Á síðasta bæjarstjórnarfundinum í Vogum var bókað: „Að undanförunu hefur borið á því að ungmenni undir aldri hafi sótt í að leigja samkomusali undir samkvæmi. Lögreglan á Suðurnesjum hefur jafnvel þurft að hafa afskipti af slíku samkvæmi.

Samsuð hefur nú sent ábendingu til umsjónarmanna slíkra samkomusala þar sem þeir eru minntir á þær reglur sem gilda um slíka starfsemi

og þá ábyrgðs sem henni fylgir.

Fristunda- og menningarfulltrúi sagði einnig frá niðurstöðum tóbakskönnunar Samsuð sem framkvæmd var á dögnum. Þar gátu ungmenni fengið keyptar sigarettur í nærri helmingi sölustaða tóbaks á Suðurnesjum. Útkoma könnunarinnar er áhyggjuefni m.t.t. forvarna.

Ánægjulegri niðurstöður fengust í áfengissölukönnun Samsuð sem fór fram á svipuðu tímabili. Þar fékk

ekkert ungmenni keypt áfengi í vínubúðum á svæðinu og er það gleðiefni.

Afgreiðsla FMN.

Nefndin fagnar því að Samsuð láti þessi mál sig varða. Það er fagnaðarefni að áfengissölustaðir standist prófið og jafnframt áhyggjuefni að sjá niðurstöður tóbakssölukönnunarinnar. FMN hvetur Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja til að ganga í málið“.

Að gefnu tilefni

Árinu 2017 voru Líknar- og hjálparsjóði Njarðvíkurkirkna færðar

peninga- og kortagjafir auk matargjafa, en mest barst tvo síðustu mánuði

ársins. Tilgangur sjóðsins sem stofnaður var 3. maí 1988. og verður því 30. ár á þessu ári er að " styðja og

styrkja með framlögum er koma inni gjafakortum og peningagjöfum til þeirra er til sjóðsins leita." Mest fór það í mataraðstoð, matakort í skóla, læknskostnað, fristundir fyrir börn og margt fleira. Prestar Njarðvíkurprestakalls hafa séð um útlutun

í góðu samstarfi við Hjálparstarf

kirkjunnar.

Sóknarnefndir og starfsfólk Njarðvíkurprestakalls vilja þakka öllum þeim einstaklingum, félagsamtökum og fyrirtækjum sem komu færandi hendi

í sjóðinn og óskar þeim blessunar.

HAGSTÆTT FYRIR HEIMILIÐ



Kjörfugl bringur
1.599
kr. kg.



D Léttmjólk 1L
149
kr. stk.



Myllu heimilisbrauð
349
kr. stk.



Iceland

Taktu mynd af kallinum



gebilar

Addaðu okkur
á Snapchat



GE BÍLAR

bílaLand
REYKJANESBÆ



NISSAN X-trail. Árgerð 2017, ekinn 14 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.950.000.** Rnr.203409.



MITSUBISHI Outlander. Árgerð 2015, ekinn 106 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.850.000.** Rnr.203291.



MITSUBISHI Outlander. Árgerð 2015, ekinn 74 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.990.000.** Rnr.203294.



Kerra með segli. Árgerð 2015. **Verð 270.000.** Rnr.203403.



HYUNDAI I30 classic wagon. Árgerð 2016, ekinn 88 þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 1.690.000.** Rnr.203388.



HYUNDAI I30. Árgerð 2017, ekinn 15 þ.KM, bensín, beinskiptur. **Verð 2.290.000.** Rnr.202790.



HYUNDAI Tucson. Árgerð 2017, ekinn 10 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 5.350.000.** Rnr.202903.



FORD Focus c-max. Árgerð 2006, ekinn 157 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. **Verð 500.000.** Rnr.761589.



FIAT Carado a 361. Árgerð 2011, ekinn 145 þ.KM, dísel, beinskiptur. **Verð 4.750.000.** Rnr.201639.



FORD Lmc liberty 664g. Árgerð 2009, ekinn 140 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.650.000.** Rnr.201578.



FORD Lmc liberty 694g. Árgerð 2009, ekinn 140 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.650.000.** Rnr.201111.



FORD Lmcliberty 664g. Árgerð 2009, ekinn 135 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.650.000.** Rnr.210826.



RENAULT Talisman zen sport tourer. Árgerð 2017, ekinn 33 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.290.000.** Rnr.203243.



RENAULT Clio. Árgerð 2014, ekinn 39 þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.990.000.** Rnr.202916.



RENAULT Clio. Árgerð 2015, ekinn 44 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.490.000.** Rnr.203345.



NISSAN Qashqai acenta. Árgerð 2016, ekinn 15 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.990.000.** Rnr.761579.

GE BÍLAR EHF - BOLAFÓTUR 1 - 260 REYKJANESBÆ



NISSAN Qashqai tekna. Árgæð 2017, ekin 16 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 4.190.000.** Rnr.203386.



NISSAN X-trail acenta 4x4. Árgæð 2016, ekin 40 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 4.090.000.** Rnr.203250.



BMW 5 530d. Árgæð 2003, ekin 215 þ.KM, dísel, . **Verð 1.500.000.** Rnr.761600.



LAND ROVER Range rover evoque hse. Árgæð 2016, ekin 29 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. **Verð 8.290.000.** Rnr.203299.



LAND ROVER Range rover evoque. Árgæð 2016, ekin 17 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. **Verð 6.480.000.** Rnr.202960.



LAND ROVER Range rover. Árgæð 2007, ekin 204 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.890.000.** Rnr.203133.



LAND ROVER Discovery. Árgæð 2017, ekin 25 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 8.990.000.** Rnr.203269.



KIA Sportage. Árgæð 2014, ekin 126 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.890.000.** Rnr.203356.



HYUNDAI Santa fe. Árgæð 2015, ekin 170 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.990.000.** Rnr.203344.



HYUNDAI Santa fe. Árgæð 2006, ekin 233 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. **Verð 270.000.** 100% lánamöguleiki



HYUNDAI Santa fe. Árgæð 2002, ekin 425 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. **Verð 170.000.** 100% lánamöguleiki



HYUNDAI i10. Árgæð 2014, ekin 31 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.290.000.** Rnr.203372.



HYUNDAI i10. Árgæð 2011, ekin 181 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 350.000.** 100% lánamöguleiki



FORD Focus c-max. Árgæð 2006, ekin 157 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. **Verð 500.000.** Rnr.761589.



DACIA Dokker. Árgæð 2016, ekin 28 þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.990.000.** Rnr.761569.



CHRYSLER Sebring Ixi. Árgæð 2000, ekin 183 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 119.000.** 100% lánamöguleiki



CHEVROLET Aveo. Árgæð 2012, ekin 147 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 790.000.** Rnr.203082.



BMW X1 xdrive18d. Árgæð 2017, ekin 28 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 4.990.000.** Rnr.761599.



BMW X1 xdrive18d. Árgæð 2017, ekin 28 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 4.990.000.** Rnr.203387.



BMW X1 xdrive18d. Árgæð 2017, ekin 29 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 4.990.000.** Rnr.203117.



RENAULT Kadjar zen 4wd. Árgæð 2016, ekin 65 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.690.000.** Rnr.203202.



SKODA Octavia. Árgæð 2010, ekin 195 þ.KM, dísel, . **Verð 990.000.** Rnr.212571.



SUBARU Forester premium. Árgæð 2016, ekin 86 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.290.000.** Rnr.203200.



SUZUKI Swift 4x4. Árgæð 2011, ekin 98 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 890.000.** Rnr.202947.



TOYOTA Yaris. Árgæð 2006, ekin 199 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 390.000.** 100% lánamöguleiki



TOYOTA Yaris *sjálfskiptur*. Árgæð 2014, ekin 125 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.290.000.** Rnr.761572.



TOYOTA Yaris *sjálfskiptur*. Árgæð 2014, ekin 143 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.190.000.** Rnr.761573.



TOYOTA Yaris active. Árgæð 2016, ekin 67 þ.KM, bensín, 6 gírar. **Tilboðsverð 1.290.000.**



Grænland er einstök upplifun.

Æfintýraferð og fundur Vestnorræna ráðsins í Ilulissat.

Ég hafði í tvígang neitað því að taka sæti í Vestnorræna ráðinu frá því að ég kom á þing 2013 en lét verða að því eftir síðustu kosningar að þiggja sæti í ráðinu. Ég er heppinn með samstarfsfólk í ráðinu en það er skipað, Guðjón S. Brjánsson, formaður, Þórunn Egilsdóttir, varaformaður, Ásmundur Friðriksson, Bryndís Haraldsdóttir, Inga Sæland og Lilja Rafney Magnúsdóttir auk Bylgju Árnadóttur alþjóðaritara.

Fyrsta verkefni ráðsins var þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins á Grænlandi 29.-31. janúar sl. Fundurinn var haldinn í bænum Ilulissat á vesturströnd Grænlands sem er 200 km. norðan við heimskaupsbaug.

Flugstrætó.

Ferðaáætlunin var flug frá Keflavík til Kaupmannahafnar og þaðan beint flug til Kangerlussuaq sem er eini alþjóðaflugvöllurinn á Grænlandi. Reistur af Bandaríkjamönnum í seinni heimstyrjöld þegar Þjóðverjar höfðu hertekið Danmörk og Noreg. Þaðan var flogið til Ilulissat, (Ísfjallið) með viðkomu á einum stað til að setja farþega af og taka aðra upp. Þannig eru innanlandsflugsamgöngur á Grænlandi, líkari strætó en beinu flugi milli tveggja staða. Ilulissat sem heitir Jakobshavn upp á dönsku er þriðja stærsta byggðarlag á Grænlandi með um 4500 íbúa. Þar eru rekin tvö fiskverkunarhús, en þau vinna mest rækjum og grálúðu sem sótt er á fiskimið rétt utan starandarinna. Þar er líka

mikið af sel, hval og mestu rostunga-göngur við Grænland fara þar um. Í Ilulissat eru hundasleðar enn notaðir enda voru um 6000 hundar í bænum en þeir eu nú um 2000 og hafast við í hundakofum sama hvernig viðrar. Hundasleðaferðir eru fyrir ferðamenn sem fjölga stöðugt og hægt er að fara frá klukkustundarferð upp í dags- og nokkurra daga ferðir.

Eins og Eyjar 1960.

Bæjarlífið í Ilulissat líktist svolítið bæjarbragnum í Vestmannaeyjum uppúr 1960 þegar ég man það fyrst. Þar eru fáir bílar enda vegakerfið aðeins göturnar í bænum og leiðin út á flugvöll. Mér gafst tími síðasta daginn þegar ég beið eftir flugi að ganga um bæinn og fylgjast með lífinu við höfnina og aðalverslun bæjarins. Konur og karlar voru á stjái, vel klædd og flestar konurnar í síðum þykkum úlpum eða kuldagöllum og kuldaskóm en karlarnir í göllum og stígvélum. Það var töluvert snjóköf og fólk lét það ekki á sig fá, stóð á götuhornum og ræddu málin. Eldri konur með innkaupapoka í báðum höndum og létu aðstæður ekkert á sig fá. Jafnvel ung kona með barnavagn gekk upp bratta götuna að stórmarkaðinum eins það væri á björtum sumardeg. Ég dáist af þessu duglega fólki sem býr við þessar erfiðu aðstæður að mér finnst. Við verslunina voru allar auglýsingar um viðburði og annað komið fyrir og þar stóð fólk í kófinu, las auglýsingar og reykti. Það reykja allir á Grænlandi að mér finnst. Leigubílar eru áberandi vegna þess að fólk notar þá mikið en almenn

bílaeign er lítil og bílarnir frekar gamlir og sjoppulegir að sjá.

Líflegt við höfnina.

Stórt flutningaskip var í höfninni að taka frystar afurðir, rækju og grálúðu sem Grænlandingar veida mikið af. Það er gríðarlegur fjöldi smábáta í höfninni en margir frosnir inni og líka nýlegir tog- eða línubátar, vel út búnir til veiða. Ég sá frá hótelinu trillur fara á sjó hvern dag og þegar ég mætti á bryggjuna sá ég þá koma að landi. Sumir þeirra berhentir að eiga við línu og veiðafæri og ganga frá bátum við bryggju. Það var nú ekki meira en 27 gráðu frost þegar mest var en flesta dagana á bilinu 17-22 gráður í mínus og kaldi. Þessu fólki er ekki fisjað saman og við getum örugglega margt af því lært.

Glaðværar konur.

Á hótelinu þar sem ráðstefnan fór fram var mikið um fyrirlestra og námskeið alla dagana. Ég tók eftir því í marsal og á veitingastað hótelsins hvað grænlandingar voru glaðværir. Ég ræddi þetta við Skafta Jónsson aðalsendifulltrúa Íslands á Grænlandi en hann sagði þetta einmitt einkenna Grænlandskonur. Þær væru hefðu í gegnum tíðina verið aldar upp í þröngum húsakosti og nán samvera og mikilvægi glaðværdar til að komast að orðið hluti af persónuleika þeirra. Almennt væri Grænlandingar hlátur-



mildir og miklir fimmaura-brandarakallar að mér er sagt. Skildi ekki orð í grænlandsku.

Á lokakvöldi ráðstefnunnar var haldið Kulturkvöld í leikhúsi bæjarins og þar kom mikið af fólki til að skemmta okkur, dansa og svo voru fulltrúar Grænlands og Færeyja mikið tónlistarfólk og hélt upp söngdagskrá og gleði. Þar var boðið upp á mat frá öllum þjóðlöndunum og við Íslendingar vorum með þorramat og kalt brennivín. Allt rann niður með góðum snaps og brjóstbirtu í sinn.

Þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins 29.-31. janúar 2018.

Við komuna til Ilulissat hélt Vestnorræna ráðið aukaársfund. Á fundinum var fjallað um verkefnatillögu Vestnorræna ráðsins um áhersluefni ráðsins á vettvangi Norðurskautsráðsins. Samkvæmt tillögunni mun Vestnorræna ráðið leggja megináherslu á framkvæmd rannsóknar á vímuefnanotkun ungmenna á norðurslóðum. Eftir töluverðar umræður var verkefnatillagan samþykkt einhljóða og í kjölfarið einnig að skrifa undir samstarfsýfirlýsingu við Rannsóknir og greiningu um framkvæmd rannsóknarinnar. Næsta skref verður að tryggja stuðning aðildarlands að Norðurskautsráðinu við verkefnatillöguna svo unnt sé að leggja hana fram í vinnuhópi um sjálfbæra þróun. Meðlimir Vestnorræna ráðsins

samþykktu ályktun um að setja á fót sérnefnd um málefni norðurslóða. Sérnefndin er skipuð einum meðlimi úr hverri landsdeild auk varamanna og hefur það verkefni að sækja ráðstefnu Arctic Circle og fylgjast með norðurslóðamálum fyrir hönd ráðsins. Fulltrúi Íslandsdeildar í sérnefndinni er Bryndís Haraldsdóttir og varamaður er Lilja Rafney Magnúsdóttir. Á fundinum var ársreikningur ársins 2016 samþykktur og einnig fjárhagsáætlun ársins 2018. Að lokum var svo fráfarandi framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Inga Dóra, kvödd og nýr framkvæmdastjóri, Sigurður Ólafsson, boðinn velkominn.

Þemaráðstefnan hófst þriðjudaginn 30. janúar með opunarárvarpi Kára Páls Højgaard, formanns Vestnorræna ráðsins. Þar var fjallað um sjálfbæra ferðamennsku sem ég vil reynndar kalla ábyrga ferðamennsku. Þar tóku m.a. til máls Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sagði m.a. frá viðbrögðum stjórnvalda við aukningu ferðamanna á Íslandi og Ólöf Ýr Atladóttir, fyrrverandi ferðamálastjóri og sjálfstætt starfandi sérfræðingur hjá Alþjóðaferðamálastofnuninni, hélt fyrirlestur um sjálfbærni í ferðaþjónustu.

Það voru mörg áhugaverð erindi flutt á þemaráðstefnunni og okkur gekk vel að skilja hvert annað. Ráðstefnan fór fram á dönsku en nokkrir fyrirlestrar voru á ensku.

Ásmundur Friðriksson alþingismaður.

GLÆSILEGAR SÝNINGAR Í DUUS HÚSUM

Sýning á Þingvallamyndum úr einkasafni Sverris Kristinssonar var opnuð síðasta föstudag með formelgum hætti í sýningarsal Listasafns Reykjanesbæjar í Duus Safnahúsum, menningar og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Í tilefni 100 ára afmælis fullveldis á Íslandi veltum við fyrir okkur gildi þessa helgasta staðar Íslendinga fyrir þjóðarvitundina og þá um leið áhrifum Þingvalla á myndlist þjóðarinnar.

Myndefni á sýningunni tengist allt Þingvöllum með einum eða öðrum hætti og meðal höfundanna eru helstu listamenn Íslendinga á tuttugustu öld. Listasafn Reykjanesbæjar stendur fyrir fjölda viðburða í tengslum við þessa sýningu í samvinnu við ýmsa aðila, bæði af sagnfræðilegum og myndlistarlegum toga, sömuleiðis munu tónlist og bókmenntir einnig koma við sögu.

Sýningin og viðburðir tengdir henni eru framlag Reykjanesbæjar til fullveldishátíðarinnar 2018.

Í DUUS húsum er einnig skemmtileg sýning um 50 ára sögu Kvinnakórs Suðurnesja



Afhentu reykskynjara í Sandgerði

Slysavarnardeildin Una í Garði afhenti í síðustu viku 28 nemendum í 8.bekk Grunnaskóla Sandgerðis reykskynjara. Það voru þær Hrönn Edvinsdóttir og Ásta Arnmundsdóttir frá Unu í Garði sem sáu um að afhenda reykskynjarana.



Fleiri hafa lokið háskólanámi og atvinnurekendum hefur fjölgað

Bæjarhlíð Reykjanesbæjar. Atvinnuþáttaka hefur aukist, atvinnurekendum fjölgað, laun hafa hækkað og langskólagengnum hefur fjölgað. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri atvinnu-málakönnun sem gerð var á tímabilinu október til desember 2017 meðal íbúa á Suðurnesjum.

Atvinnu-málakönnunin var framkvæmd af MMR, Markaðs- og miðlarannsóknunum fyrir Reykjanesbæ og Vinnumarkaðsráð Suðurnesja. Sambærileg könnun var gerð árið 2013, í febrúar og október og í október 2014 en þá einungis meðal íbúa í Reykjanesbæ. Tímabært þótti að meta stöðuna á vinnumarkaði að nýju til að reyna að greina þær breytingar sem hann hefur tekið á þessum þremur árum. Samanburður nær þó einungis til Reykjanesbæjar.

Ánægjulegt er að sjá að menntunarstig jókst í Reykjanesbæ milli kannana. Alls 24% svarenda höfðu lokið háskólanámi í október 2017 en það hlutfall var 21% í október 2013. Á sama tímabili hefur þeim sem

lokið hafa verklegu framhaldsnámi fjölgað úr 15% í 22%. Hlutfall þeirra sem einungis hafa lokið skyldunámi hefur lækkað úr 40% í október 2013 í 32% í október 2017.

Á könnuninni má einnig sjá að laun hafa hækkað og þeim sem hafa lægst launin hefur fækkað að sama skapi. Mesta hlutfallsaukningin hefur orðið í launahópnum 600 – 799 þúsund, þá 800 þúsund og yfir. Mesta hlutfallslækkun varð í tekjuhópnum undir 250 þúsund. Miðað er við sam-anlagðar mánaðartekjur fyrir skatt.

Fleiri vinna 100% starf og í ferðaþjónustu en áður Mikil breyting hefur orðið á atvinnugreinum þegar spurt er um aðalstarf meðal íbúa í Reykjanesbæ. Alls 17% störfuðu í ferðaþjónustu, samgöngum og við flutninga í febrúar 2013 en nú er fjöldi starfsfólks í þeim greinum 26%. Hæsta hlutfall vinnandi fólks er jafnframt í þeim geira og þar er Keflavíkurflugvöllur með 75% starfsfólks. Aldrei hafa færri starfað við verslun og sölu og nú eða 7%. Hlutfallið var hæst 12% í

október 2014. Störfum í menningarstarfsemi, fræðslu og þjálfun hefur einnig fækkað úr 17% í febrúar 2013 í 10% nú.

Hlutfall atvinnurekenda er nú 13% í Reykjanesbæ en var lægst 7% í október 2013. Launþegum hefur einnig fjölgað á tímabilinu febrúar 2013 til október 2017, úr 56% í 67% og atvinnuleitendum fækkað á sama tíma úr 7% í 2%. Flestir vinna í 100% stöðuhlutfalli eða 83% vinna fólks í Reykjanesbæ. Þar er hlutfall karla 94% á móti 67% kvenna.

Um símakönnun var að ræða meðal íbúa 18-67 ára. Unnið var út frá eftirtöldum þáttum: Stöðu á vinnumarkaði, starfshlutfalli í aðalstarfi, atvinnugrein, staðsetningu vinnustaðar, menntun, starfi, launum, kyni og aldri. Svarhlutfall var 63% eða 1030 manns af 1632 manna úrtaki yfir Suðurnes í heild. Í Reykjanesbæ var svarhlutfall jafnt eftir kynjum. Gagnaöflun fór fram á tímabilinu 31. október til 6. desember 2017.

Gæðavörur fyrir sjávarútveginn

Doosan báta- og skipavélar **FPT** bátavélar

Til sjós eða lands

Við græjum það

ÁSAFL asafl.is
HJALLAHRAUNI 2, 220 HAFNARFIRÐI
Opíð 8:30 – 17:00 virka daga – Sími: 562 3833



MIKIL FJÖLGUN MILLILANDAFARÞEGA

8,76 milljónir farþega fóru um Keflavíkurlugvöll

Skiptifarþegum og farþegum utan álagstíma fjölga. Farþegum um Akureyrarflugvöll fjölgaði um 9%.

Isavia hefur gefið út tölur um fjölda farþegahreyfinga á helstu flugvöllum á Íslandi árið 2017. Farþegahreyfingar skiptast í komufarþega, brottfararfarþega og skiptifarþega og endurspegla því vel álagið á innviði flugvallanna og þróun milli ára.

Áframhaldandi hraður vöxtur á Keflavíkurlugvelli

Fjöldi farþega sem fóru um Keflavíkurlugvöll var 8,76 milljónir og aldrei hafa fleiri átt leið um flugvöllinn. Samtals nam fjöldi farþega á milli árunum 2016 og 2017 tveimur milljónum farþega eða 28%. Síðastliðin ár hafa farþega-hreyfingar hvers árs skiptst nokkuð jafnt í komufarþega, brottfararfarþega og skiptifarþega, sem einungis millilenda á flugvöllum. Árið 2017

fjölgaði skiptifarþegum hlutfallslega meira en þeim sem hafa viðdvöl á landinu og voru skiptifarþegar rúmlega þrjár milljónir, brottfararfarþegar 2,82 milljónir og komufarþegar 2,89 milljónir.

Skiptifarþegum fjölga og árstíðarsveiflan minnkar

Tölurnar rýma vel við farþegasþá Isavia en spáin fyrir árið 2017 gerði ráð fyrir að 8,75 milljónir farþega færu um flugvöllinn. Auk þess má sjá á tölunum að árstíðarsveiflan heldur áfram að minnka og fjöldi farþega hlutfallslega mest utan sumartímans. Þessi breyting er afkastur markviss áttaks ferðaþjónustunnar í að efla vetrarferðamennsku og hvatakerfis Isavia, en með því fá flugfélög sem fljúga allt árið afslátt af lendingargjöldum. Þegar horft er til framtíðar er búist við því að Keflavíkurlugvöllur eflist enn frekar sem tengiflugvöllur á milli heimsálfa.

Samkvæmt farþegasþá Isavia fyrir árið 2018 mun farþegum halda áfram að fjölga og 10,4 milljónir fara um flugvöllinn á árinu. Spáin gerir ráð fyrir að þar af verði hlutfall skiptifarþega tæplega 40%.

Minni hreyfing í innanlandsflugi

Sú fjöldi farþega sem flýgur til og frá landinu um Keflavíkurlugvöll hefur ekki skilað sér að fullu í innanlandsflugi en fjöldi farþega sem fóru um aðra flugvelli en Keflavíkurlugvöll nam um 2% árið 2017. Mestrar aukningar varð vart á Akureyrarflugvelli en um flugvöllinn fóru tæplega 206 þúsund farþegar, 9% fleiri en árið á undan. Einnig varð fjöldi farþega á Egilsstaðflugvelli, 99 þúsund farþegar fóru um völinn, 2,4% fleiri en árið 2016. Þegar aðrir flugvelli en þeir stærstu eru teknir saman er samtals fækkun um 2,7% á milli 2016 og 2017.

Búið að velja Svartfugl ársins

Dómnafnd í glæpasagna-samkeppninni um Svartfuglinn hefur nú lokið störfum og valið verðlaunahandritið. Dómnafndinni var vandi á höndum, á þriðja tug handrita barst í samkeppnina og mörg þeirra mjög álitleg. Það er augljóslega mikil gróska í glæpasagnaskrifum um þessar mundir og margir prýðisgóðir rithöfundar reyna fyrir sér á þessum vettvangi. Verðlaunin verða veitt í viku bókarinnar í lok apríl og kemur þá í ljós hver verðlaunahöfundurinn er. Verðlaunahandritið kemur út á bók sama dag.

Samkeppnin um Svartfuglinn er ætluð höfundum sem hafa ekki sent frá sér áður glæpasögu. Höfundarnir Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson stofnuðu til verðlaunanna í samvinnu við útgefanda sinn, Ver-

öld, og eru þau í fyrsta sinn veitt í ár. Verðlaunin nema 500.000 krónum auk hefðbundinna höfundarlauna samkvæmt rammasamningi Félags íslenskra bókaútgefenda og Rithöfundasambands Íslands. Einnig býðst þeim sem sigur ber úr bítum samningur við umboðsmanninn David H. Headley en tímaritið Bookseller útnefndi hann sem einn af 100 áhrifamestu mönnum breskrar bókaútgáfu árið 2015. Yrsa og Ragnar skípuðu dómnafndina ásamt Bjarna Þorsteinssyni, útgáfustjóra Veraldar.

Búið er að hafa samband við verðlaunahöfundinn. Höfundar geta vitjað handrita sinna á skrifstofu Bjarts og Veraldar að Víðimel 38. Þann 1. apríl verður þeim handritum sem ekki hafa verið sótt fargað.

Nýr gervigrasvöllur í Reykjanesbæ?

Áfundi bæjarráðs Reykjanessbæjar 8.febrúar s.l. var rætt um stofnun vinnuhóps um nýjan gervigrasvöll í Reykjanesbæ.

Bæjarráð samþykkir að skipa fimm manna vinnuhóp til að kanna hvort þörf sé á nýjum gervigrasvelli og hvar best sé að staðsetja völinn.

Bæjarráð skipar Friðjón Einarsson, Gunnar Þórarinnsson og Ingigerði Sæmundsdóttur í vinnuhópinn og óskar eftir því að Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag og Ungmennafélag Njarðvíkur tilnefni einn nefndarmann fyrir hvort félag.

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi

Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðargetu, Sjóvarpsfestingu, gólfhita, Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi, einnig Markisur, uppblásin fortjöld, Alde, sólarsellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 770CL Landhús - 5.660.000 kr.

Fleiri gerðir einnig.

Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrit 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.

Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellaflægir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



SÁRA ÁBYRGÐ
Afhentir í Reykjavík eða Egilsstöðum



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG 90 ÁRA

Mánudaginn 29. janúar fagnar Slysavarnafélagið Landsbjörg 90 ára afmæli sínu. Slysavarnafélag Íslands var stofnað 29. janúar 1918 en stofnun þess markaði upphaf skipulags björgunar- og slysavarnastarfs á Íslandi.

Afmælinu verður fagnað um allt land en allar einingar innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar verða með afmælisveislur á sínum heimaslóðum. Veislurnar hefjast allar klukkan 20. Klukkan 20:30 verður streymt frá hátíðarstjórnarfundum félagsins og hægt verður að fylgjast með honum á netinu. Klukkan 21 var hvítum sólum skotið á loft um allt land.

Eins og annars staðar á landinu hélt Björgunarsveitin Ægir í Garði og Slysavarnardeildin Una í Garði upp á daginn.



Hress á Porrablóti Þessi voru hress á Porrablóti eldri borgara sem fram fór á Nesvöllum á dögnum.



Tveir fyrrverandi

Þeir eru vígalegir tveir fyrrverandi formenn Björgunarsveitarinnar Ægis Sigfús Magnússon og Ásgeir Hjálmarsson.

Ingólfur formaður

Núverandi formaður Björgunarsveitarinnar Ægis í Garði er Ingólfur Sigurjónsson.

„Íslensk ber eru ofurfæða“

Segir Eyjólfur Friðgeirsson eigandi Íslenskrar hollustu ehf. Rannsóknir benda til að regluleg bláberjaneysla geti haft fyrirbyggjandi áhrif á krabbamein, alzheimer og hjartakvilla. Þekkt er að berin hafa mjög góð áhrif á heilbrigði augnanna. Í þeim er mikið af andoxunarefnum.

Nýlegar rannsóknir í Háskólanum í Exeter á Englandi hafa leitt í ljós að heilbriggt fólk á aldrinum 65 til 77 ára, sem drakk saft úr bláberjum á hverjum degi fékk bætt minni, blóðflæði til heilans jókst og prófun sýndi aukna heilastarfsemi.

Dr. Joanna Bowtell, yfirmaður Íþrótt og heilsuvísinda Háskólans í Exeter, sagði: “Í þessari rannsókn höfum við sýnt fram á að dagleg neysla á 30 ml af bláberjasafa í tólf vikur eykur blóðflæði heilans og starfsemi hans batnar.”

Íslensk hollusta ehf er stærsti seljandi íslenskra berja hér á landi. Á undanförunum árum hefur fyrirtækið verið með á hverju hausti 10 til 12 tonn af berjum. Berin eru seld fersk á haustin og frosin allt árið. Frosin ber frá fyrirtækinu í eru seld í Bónus, Melabúðinni, Fjarðarkaupum, Frú Laugu og fleiri verslunum. Mikið af berjum er selt til veitingahúsa, brugghúsa og fl.

Fyrirtækið vinnur sultur úr íslenskum aðalbláberjum, bláberjum, krækiberjum og hrútaberjum. Sulturnar innihalda 80% ber og mjög lítið af sykri eða aðeins 20%. Úr krækiberjum er gerður hrásafi sem er 100% hreinn safi án nokkurra viðbættra efna.

Eðalsaft frá Íslenskrí hollustu ehf er gerð úr aðalbláberjum og bláberjum. Saftin er ekki soðin og heldur því fersku náttúrulegu bragði og öllum innihaldsefnum óskemmdum. Í eðalsaffinni er viðbættur sykur um 7%. Fyrirtækið þurrkar aðalbláber við lágan hita og selur þau í duftformi og einnig í hylkjum til inntöku.



REYKJANES SPENNANDI ÁFANGA- STAÐUR FYRIR FERÐAMENN

Í síðustu viku efndu Markaðsstofa Reykjaness og Reykjaness Unesco Global Geopark í samstarfi við sveitarfélögin til opinna funda um ferðamál á Reykjanesi. Fundir voru haldnir í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum.

Suðurnesjablaðið mætti á fundinn á Lighthouse inn hótlinu í Garðinum.

Þurður Aradóttir fór yfir stöðu ferðamála hér á svæðinu og þá miklu möguleika til að þróa þennan þátt áfram. Hún sagði að við þyrftum að skipuleggja og byggja upp án-ingarstaði. Það væri mikið atriði að fá fólk til að stoppa aðeins lengur á Suðurnesjum en nú. Þar lægju miklir möguleikar til að skapa auknar tekjur.

Eggert Sólberg Jónsson sagði frá Unesco Global Geopark, en það er samstarfsvettvangur sveitarfélaga og fyrirtækja á Reykjanesi með það að markmiði að skapa Reykjanesi sérstöðu sem áfangastaðar.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Garðs, fór yfir stefnu sveitarfélagsins í ferðamálum.

Magnús lagði áherslu á að einkunnarorðin fyrir Garðinn væri, Bær hafins og norðurljósa. Garðskaginn hefði í huga ferðamanna jákvæða ímynd. Wsíðasta ár heimsóttu 300 þúsund manns Garðskaga.

Ágætis mæting var á fundinum og fundarmenn bjartsýnir á framtíð ferðamála á svæðinu.



BETRA VERÐ EF BÍLASTÆÐI ER BÓKAÐ Á VEFNUM

Isavia hefur nú kynnt bókunarkerfi á vef Keflavíkurflugvallar þar sem farþegar geta bókað bílastæði á flugvöllinum fram í tímann. Þannig geta þeir farþegar sem eru á leið í flug tryggt sér bílastæði á betra verði en þeir sem borga við hlið. Með þessu nýja bókunarkerfi minnka auk þess líkur á því að stæðin fyllist á álagstímum á flugvöllinum.

Þann 1. mars verður einnig tekin upp ný gjaldskrá við bílastæðahlið og mun verð fara úr 1.250 krónum í 1.750 krónur á dag ef borgað er við hlið án þess að bóka bílastæði fyrirfram. Lægsta verð sem er í boði núna ef bókað er á vefnum er hins vegar 940 kr. á dag, en verðið fer eftir eftirspurn á hverjum tíma. Þannig mun stór hluti farþega sem bóka bílastæði fá betra meðalverð á dag en áður hefur boðist auk þess sem farþegar geta gengið að bílastæðinu visu.

Kerfið er þekkt á flugvöllum víða um heiminn og hefur að sögn Hlynns Sigurðssonar, framkvæmdastjóra viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar, verið í þróun og innleiðingu hjá Isavia í meira en ár. Hafa kerfi sem

þessi reynst afar vel á erlendum flugvöllum og þá sérstaklega þegar kemur að aðgangsstýringu á bílastæðin. „Þessi nýja leið mun vonandi verða til þess að Íslendingar nýti sér hana, bæði til að spara og sýna fyrirhyggju þegar kemur að ferðalaginu. Verðið sem viðkomandi fær fer þá eftir framboði og eftirspurn, það er hversu margir hafa bókað á undan á sama tíma. Því gefur augaleið að til að fá bílastæðið á sem bestu kjörum á álagstímum eins og um páska, í sumar og um jól er best að bóka með góðum fyrirvara.“

Í farþegaspá Isavia fyrir Keflavíkurflugvöll, sem kynnt var í nóvember síðastliðnum, er spáð töluverðri fjölgun íslenskra farþega sem ferðast um flugvöllinn og er sú spá í takt við þróun síðastliðinna ára. Á miklum álagstímum hefur það atvikast að bílastæðin við flugvöllinn hafa fyllist, en í dag eru langtíma-stæði 2.400 talsins. Isavia er því með þessu framtaki að hvetja viðskiptavinum til að bóka bílastæði um leið og flug er bókað sem geta þannig tryggt sér betra verð og öruggt bílastæði.


Vatnshitablásarar



**Tilboð
89.990**

Öflugir blásarar með
þykkar kopar pípum
og léttari hönnun.

Pakblásarar



Purrktæki
Er rakastigið of hátt?



**Tilboð
frá kr
39.990**



Loftviftur



Gluggaviftur



Útsogsviftur

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is
-andaðu léttar



GLUGGAR & GARDHÚS

Smiðsbúð 10 | 210 Garðabær | Sími: 554 4300 | Fax: 564 1187 | solskalar@solskalar.is | www.solskalar.is



Viðhaldsfrír gluggar, hurðir, rennihurðir, sólskálar og svalalokanir



Yfir 80 litir í boði.

Nánari upplýsingar á www.solskalar.is

Allar tæknilegar upplýsingar, snið og teikningar, eru fyrirliggjandi hjá okkur.

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá **WÖRMANN** kerrum world of trailers



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMÍÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

BARKING HEADS™

Hundafóður



Dýrabær
– fyrir dýrin þín

Smáralind | Kringlunni | Reykjanesbæ

Sími 511-2022 | www.dyrabaer.is